

13. desember 2022

Viðtakandi: Strætó bs. (berist til framkvæmdastjóra)

Efni: Ósk um íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um fund með framkvæmdastjóra Strætó BS

Á undanförunum árum hefur íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts ítrekað kallað eftir úrbótum í almenningssamgöngum tengdum hverfunum. Hefur ráðið þar aðallega litið til nauðsynjar þess að góðar almenningssamgöngur séu tryggðar eftir hverfinu endilöngu, t.d. að tryggt sé að fólk, ekki hvað síst börn, geti sótt þjónustu á milli hverfishlutanna, allt frá Ártúnsholti að Norðlingaholti. Þá hefur íbúaráð einnig kallað eftir því að almenningssamgöngur verði bættar þvert á hverfin austan Elliðaáa, þar sem íbúum hverfisins er ætlað að sækja þjónustu, s.s. í Egilshöll og Borgarholtsskóla í Grafarvogi og Fjölbrautarskólann í Breiðholti. Að mati íbúaráðs hefur staða almenningssamgangna síst batnað í þessu samhengi, þrátt fyrir ítrekaða umleitan þess efnis.

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts fer því fram á fund með framkvæmdastjóra Strætó BS til þess að fá tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í leit að lausnum.

Fyrir hönd íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts,

Þorkell Heiðarsson formaður.